

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 15. nóvember 2019.

Mál nr. 915/2018:

A

(*Þorsteinn Hjaltason lögmaður*)

gegn

B ehf. og

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(*Ólafur Eiríksson lögmaður,*

Ólafur Arinbjörn Sigurðsson lögmaður, 4. prófmál)

Lykilorð

Skaðabótamál. Líkamstjón. Vinnuslys. Eigin sök. Gjafsókn.

Útdráttur

A krafðist skaðabóta úr hendi B ehf. og V hf. vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir við störf hjá B ehf. Slysið varð þegar stigi rann undan A með þeim afleiðingum að hann féll niður og slasaðist alvarlega. Í niðurstöðu Landsréttar kom fram að B ehf. hefði í umrætt sinn falið A verk sem féll utan hans venjubundnu starfa. Búnaðurinn sem nota átti hefði ekki hentað og því hefði A notast við stiga. Vinnueftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að stiginn væri bæði gamall og lélegur og ekki af viðurkenndri gerð til nota í atvinnustarfsemi og bannaði notkun hans. Með hliðsjón af þeim ríku skyldum sem á vinnuveitanda hvíla samkvæmt lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, var háttsemi B ehf. og starfsmanna hans talin saknæm og bæri B ehf. því skaðabótaábyrgð á tjóni A á grundvelli hinnar ólögfestu reglu um vinnuveitandaábyrgð. Á hinn bóginn var A látinn bera hluta tjónsins sjálfur, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 þar sem talið var að hann hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að nota umræddan stiga án þess að tryggja að hann rynni ekki til og með því að nota ekki hjálm.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Eiríkur Jónsson og Hervör Þorvaldsdóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 18. desember 2018. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra 27. nóvember 2018 í málinu nr. E-[...]/2016.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða honum 19.954.216 krónur, ásamt 4,5% ársvöxtum af 7.046.960 krónum frá 8. nóvember 2011 til 8. nóvember 2012 og með sömu vöxtum af 19.954.216 krónum frá þeim degi til 1.

desember 2016 en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

- 3 Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms en til vara að krafa áfrýjanda verði lækkuð. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Niðurstaða

- 4 Í máli þessu krefst áfrýjandi bóta úr hendi stefndu vegna slyss sem hann varð fyrir við störf hjá stefnda B ehf. 8. nóvember 2011. Er slysið varð hafði áfrýjandi unnið hjá stefnda B ehf. í rúma tvo áratugi. Starf áfrýjanda fólst í því að fylgjast með stjórnækjum og vélbúnaði í [...]verksmiðju stefnda. Sá starfi sem honum var á hinn bóginn falinn á slysdegi var að aðstoða starfsmann C ehf., D, við að fjarlægja rafmagnskapla úr kapalrennum víðs vegar um verksmiðjuna. Við verkið notuðu þeir lyftara sem stefndi B ehf. átti og mannkörfu sem stefndi B ehf. útvegaði. Áfrýjandi man ekki eftir slysinu en fyrir dómi bar D að þegar komið hafi að þeim stað í verksmiðjunni, þar sem slysið varð, hafi ekki verið hægt að nota mannkörfuna. Þá hafi verið ákveðið að nota álstiga, sem hafi verið sá eini sem stefndi B ehf. átti. Áfrýjandi reisti rúmlega fjögurra metra langan stigann og fór upp hann en stiginn rann undan honum með þeim afleiðingum að hann féll niður og slasaðist alvarlega.
- 5 Slysið var tilkynnt Vinnueftirlitinu og komu starfsmenn þess ásamt lögreglu á vettvang skömmu eftir slysið. Í skýrslu Vinnueftirlitsins 12. desember 2011 er komist að þeirri niðurstöðu að slysið megi helst rekja til þess að notaður hafi verið lélegur stigi sem ekki hafi verið gerður til notkunar í atvinnurekstri en einnig að stiginn hafi verið notaður í mikilli hæð, án fallvarna og án þess að festa hann, í stað þess að nota viðurkenndan lyftibúnað til að lyfta fólki. Um nánara ástand stigans segir að gúmmíð á endum hans hafi verið orðið lélegt og líklega hafi stiginn verið laskaður þegar hann var tekinn til að nota við rafmagnsvinnunna. Í endurgerðri umsögn Vinnueftirlitsins 25. ágúst 2013 var það mat Vinnueftirlitsins að slysið mætti helst rekja til þess að stiginn sem var notaður hafi verið lélegur og ekki merktur samkvæmt staðli til notkunar í atvinnurekstri og að hann hafi verið notaður við vinnu í mikilli hæð án þess að festa hann. Gaf Vinnueftirlitið fyrirmæli um að notkun stigans yrði bönnuð og að hann skyldi fjarlægður af staðnum.
- 6 Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, skal vinnuveitandi tryggja að gætt sé fyllsta öryggis á vinnustað. Eftir 1. mgr. 23. gr. laganna skal verkstjóri beita sér fyrir því að starfsskilyrði innan þess starfssviðs sem hann stjórnar séu fullnægjandi, meðal annars að því er varðar öryggi og að þeim ráðstöfunum sé fylgt sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti. Í 1. mgr. 37. gr. er mælt svo fyrir að vinnu skuli haga og framkvæma þannig að gætt sé fyllsta öryggis.
- 7 Framkvæmdastjóri stefnda B ehf. bar fyrir héraðsdómi að hann hefði tekið þá ákvörðun að farið skyldi í það verkefni að skipta um lagnir í verksmiðjunni. Hafi og

verið ákveðið að fela verksmiðjustjóra stefnda, sem er yfirmaður viðhalds og framkvæmda fyrirtækisins, að koma verkinu í framkvæmd. Fyrirtækið C ehf. hafi annast verkið. Á vikulegum verkstjórnarfundum stefnda hafi verið rætt hvernig staðið skyldi að þessu verkefni og hafi fyrirtækið útvegað búnað til að vinna verkið. Eins og að framan greinir D fyrir dómi að ekki hefði verið hægt að nota mannkörfuna þar sem slysið varð. Þá liggur fyrir bréf Vinnueftirlitsins þar sem segir að aðstæður þar sem vinnuslysið átti sér stað hafi verið þröngar og notkun stiga því eðlileg. Í ljósi þessa og annarra gagna málsins verður að leggja til grundvallar að notkun mannkörfunnar hafi ekki hentað í hinum þröngu aðstæðum þar sem slysið varð. Engu breytir í því sambandi þótt hún hafi verið notuð til verksins daginn eftir enda þurfti til þess nokkrar tilfæringar og D bar fyrir dómi að það verklag væri „svo sem ekki gáfulegt en einhvern veginn urðum við að gera þetta“ og að öryggisreglur hefðu sjálfsagt verið brotnar með því verklagi.

- 8 Sem fyrr greinir greip áfrýjandi til stiga sem Vinnueftirlitið taldi lélegan og bannaði notkun hans enda væri ástand hans önnur höfuðorsök slyssins. Af skýrslutökum fyrir dómi er ljóst að stiginn var í notkun í verksmiðjunni, sbr. meðal annars framburð vitnisins E sem kvaðst hafa notað stigann vikulega til að þrifa snigla í þriggja til fjögurra metra hæð og að stiginn hafi almennt verið skilinn eftir þar sem hann var síðast notaður. Þá kom fram fyrir dómi að nýr stigi hefði verið keyptur í kjölfar slyssins.
- 9 Samkvæmt öllu framangreindu fól stefndi B ehf. áfrýjanda verk sem féll utan hans venjubundnu starfa. Verksmiðjustjóra var falið að koma verkinu í framkvæmd og sjá um að útvega búnað en ekkert liggur fyrir um að hann hafi á annan hátt fylgt eftir öryggi við framkvæmd verksins. Búnaðurinn reyndist ekki henta í hinum þröngu aðstæðum þar sem slysið varð og áfrýjandi greip þá til stiga sem rann undan honum. Að framan hefur verið gerð grein fyrir því að sá stigi, sem var í notkun í verksmiðjunni, var bæði gamall og lélegur og ekki af viðurkenndri gerð til nota í atvinnustarfsemi. Þegar framangreint er virt með hliðsjón af þeim ríku skyldum sem á vinnuveitanda hvíla samkvæmt lögum nr. 46/1980 verður að meta háttsemi stefnda B ehf. og starfsmanna hans saknæma og að hann beri því skaðabótaábyrgð á tjóni áfrýjanda á grundvelli hinnar ólögfestu reglu um vinnuveitandaábyrgð.
- 10 Kemur þá til athugunar hvort áfrýjanda verði gert að bera hluta tjóns síns sjálfur á grundvelli meðábyrgðar. Í II. viðauka við reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja, sem sett hefur verið á grundvelli 47. gr. laga nr. 46/1980, er að finna ákvæði varðandi notkun tækja þegar unnið er tímabundið og starfsmenn eru í fallhættu. Í gr. 4.2.1 í viðaukanum er kveðið á um að stigar verði að vera þannig settir upp að öruggt sé að þeir séu stöðugir við notkun. Þá er svofellt ákvæði í gr. 4.3.3: „Koma skal í veg fyrir að færanlegir stigar renni til við notkun með því að festa efri eða neðri enda hans, með búnaði sem hindrar að hann renni til eða með einhverjum öðrum hætti sem hefur sömu áhrif.“ Áfrýjandi var 59 ára gamall á slysdegi og vanur rafvirki. Hann hafði unnið hjá

stefnda í um 23 ár og hafði að auki þar áður meðal annars unnið við smíðar og rafvirkjun. Þá kom fram við aðalmeðferð málsins í héraði að hann hafði nokkrum árum áður aðstoðað við sams konar verk. Þegar það er virt verður að telja það til gáleysis áfrýjanda að hafa notast við umræddan stiga án þess að tryggja að hann væri skorðaður þannig að minni hættu væri á að hann rynni til. Þá notaði hann ekki hjálm en ljóst virðist að það hefði getað dregið talsvert úr því líkamstjóni sem hann býr við. Með hliðsjón af atvikum öllum verður að telja að áfrýjandi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og verði því að bera hluta tjóns síns sjálfur, sbr. 23. gr. a laga nr. 50/1993. Þykir hæfilegt að stefndu verði gert að bæta áfrýjanda tjónið að helmingi. Ekki er tölulegur ágreiningur með aðilum, að öðru leyti en því að stefndu mótmæla kröfu um greiðslu vaxta eldri en fjögurra ára, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

- 11 Samkvæmt framansögðu verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda 9.977.108 krónur, auk 4,5% vaxta af 3.523.480 krónum frá 18. október 2012 til 8. nóvember 2012, en af 9.977.108 krónum frá þeim degi til 1. desember 2016 en frá þeim degi með dráttarvöxtum, eins og krafist er, og nánar greinir í dómsorði.
- 12 Ákvæði héraðsdóms um fjárhæð gjafsóknarkostnaðar verður staðfest.
- 13 Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hans, 1.000.000 króna.
- 14 Stefndu greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti, sem ákveðinn verður í einu lagi, eins og nánar greinir í dómsorði, sem renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Stefndu, B ehf. og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði óskipt áfrýjanda, A, 9.977.108 krónur með 4,5% ársvöxtum af 3.523.480 krónum frá 18. október 2012 til 8. nóvember 2012, en af 9.977.108 krónum frá þeim degi til 1. desember 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknarkostnað skulu vera óröskuð.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hans, Þorsteins Hjaltasonar, 1.000.000 króna.

Stefndu greiði óskipt 3.000.000 króna í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti sem renni í ríkissjóð.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra 27. nóvember 2018

I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 30. október sl., var höfðað 18. október 2016 af A, [...], á hendur B ehf., [...], og Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Málið var þingfest 27. október 2016. Með sakaukastefnu þingfestri 8. júní 2017 höfðaði stefnandi mál á hendur öðru tryggingafélagi. Sakaukastefndi krafðist frávísunar og var sú krafa hans tekin til greina með úrskurði dómsins 10. apríl 2018 og var sú niðurstaða staðfest með úrskurði Landsréttar 11. maí sl.

Dómkröfur

Stefnandi krefst þess að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða honum 19.954.216 krónur, ásamt 4,5% ársvöxtum frá 8. nóvember 2011 af 7.046.960 krónum til 8. nóvember 2012 og með sömu vöxtum af 19.954.216 krónum frá þeim degi til 1. desember 2016 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að viðbættum virðisaukaskatti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að stefnukrafa verði lækkuð verulega. Í báðum tilfellum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda.

II

Atvik máls

Stefnandi, sem er rafvirki að mennt, starfaði í rúma tvo áratugi hjá stefnda B ehf. Starf hans fólst í því að fylgjast með stjórnækjum vélbúnaðar í [...]verksmiðju stefnda. Í lok árs 2011 var unnið að endurbótum á verksmiðjunni og vegna þeirra þurfti að fjarlægja rafmagnskapla úr kapalrennum víðs vegar í verksmiðjunni. Endurbæturnar voru unnar af C ehf. Hinn 8. nóvember 2011 var stefnandi að aðstoða D, starfsmann C ehf., við verkið og hann því ekki að sinna sínu venjulega starfi. Stefnandi og nefndur D hugðust merkja kapla sem síðan átti að fjarlægja í hráefnismóttöku verksmiðjunnar en það rými er nokkuð þröngt og síló á gólfinu þannig að ekki var unnt að komast í kapalrennurnar, sem eru í um fimm metra hæð frá gólfi, með því að nota lyftara með mannkörfu en þessi tæki höfðu þeir notað við sama verk fyrr um daginn. Til að komast að köplunum reisti stefnandi rétt rúmlega fjögurra metra langan stiga í eigu stefnda B ehf. við vegginn innst í hráefnismóttökunni en D hugðist ganga baka til og toga í þá kapla sem átti að fjarlægja þannig að stefnandi gæti merkt rétta kapla. Þegar stefnandi fór upp stigann rann stiginn undan honum með þeim afleiðingum að stefnandi féll og slasaðist alvarlega.

Fljótlega eftir slysið komu lögregla og starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins á staðinn. Lögregla tók í framhaldinu skýrslur af stefnanda, verkstjóra og framkvæmdastóra stefnda B ehf. og D, starfsmanni C ehf. Þá gerði vinnueftirlitið skýrslu um slysið en hún er dagsett 12. desember 2011. Hinn 25. júní 2013 ákvað vinnueftirlitið að endurgera umsögn sína um slysið og er sú umsögn dagsett 25. ágúst 2013. Í þeirri umsögn er komist að þeirri niðurstöðu að ástæður slyssins hafi verið þær að stiginn sem notaður var hafi verið notaður við vinnu í mikilli hæð án þess að vera festur og að stiginn hafi verið lélegur og ekki merktur samkvæmt staðli til notkunar í atvinnurekstri. Meðvirkandi þáttur hafi síðan verið að ekki lá fyrir skriflegt áhættumat og áætlun um forvarnir er varðar umræddan verkþátt.

Örorkumat var gert vegna afleiðinga slyssins og lá það fyrir 3. september 2014. Ágreiningsmál var rekið fyrir úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum en 9. desember 2014 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu þeirri sem stefndi B ehf. er með hjá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. Í lok janúar 2015 skilaði Örorkunefnd álitsgerð samkvæmt 10. gr. laga nr. 50/1993 þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að stöðugleikapunktur stefnanda teldist vera 8. nóvember 2012. Stefnandi hafi verið alvarlega veikur vegna afleiðinga slyssins frá slysdegi til 8. nóvember 2012 og þar af rúmleggjandi frá 8. nóvember 2011 til 23. mars 2012. Tímabundið atvinnutjón vegna afleiðinga slyssins hafi verið 100% frá 8. nóvember 2011 til 8. nóvember 2012. Varanlegur miski var metinn 65% og varanleg örorka 100%

III

Málsástæður og lagarök

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefndi B ehf. og aðilar sem félagið ber ábyrgð á hafi með saknæmum og ólögum hætti valdið tjóni hans. Stefndi B ehf. beri skaðabótaábyrgð eftir sakarreglunni

og reglum um húsbóndaábyrgð. Stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. beri að greiða skaðabæturarnar úr ábyrgðartryggingu sem stefndi B ehf. er með hjá tryggingafélaginu.

Stefndi heldur því fram að aðstæður á vinnustað hafi verið með þeim hætti að eingöngu hafi verið unnt að vinna verkið úr stiga og þetta hefði forsvarsmönnum stefnda B ehf. átt að vera ljóst, einkum ef þeir hefðu sinnt þeirri lagaskyldu sinni að gera áhættumat. Stiginn sem stefndi B ehf. hafi haft tiltækan til verksins hafi verið óforsvaranlegur. Slysið hafi orsakast vegna slæmrar vinnuaðstöðu og lélegs stiga sem rann undan stefnanda. Stefnandi heldur því fram að stefndi B ehf. hefði átt að vera búinn að breyta vinnuaðstöðu þannig að ekki þyrfti að nota stiga við verkið, í öllu falli hefði hann átt að gera aðstöðuna þannig úr garði að hættuminna væri að nota stiga. Þetta hafi stefndi B ehf. ekki gert og því nauðsynlegt að hann útvegaði góðan stiga en það hafi hann heldur ekki gert. Þessi hegðun stefnda B ehf., sem ekki var í samræmi við lög og reglur og þar af leiðandi saknæm og ólögmat, olli tjóni stefnanda.

Stefnandi vísar til þess að á tjónsdegi hafi hann verið tæplega sextugur að aldri og í ljósi aldurs hans hefði verkstjóri átt að velja annan starfsmann í þetta verk enda hafi verkstjóra átt að vera ljóst að verkið varð að vinna að stórum hluta úr stiga við erfiðar aðstæður. Í þessu ljósi sé undarlegt að 20 árum yngri maður hafi átt að standa á palli og toga í kapla meðan stefnanda var ætlað að standa í stiga við erfiðar aðstæður og merkja kaplana. Heldur stefnandi því fram að eftirlit, starfsmannaval, leiðbeiningar, vinnuaðstaða og skipulag hafi verið ófullnægjandi hjá stefnda B ehf. sem leiði til skaðabótaskyldu félagsins.

Af hálfu stefnanda er einnig vísað til þess að tjón hans megi rekja til þess hversu lélegur stiginn var sem stefndi B ehf. útvegaði til verksins. Stiginn hafi runnið undan honum vegna þess að gúmmí neðan á honum veitti ekki nægjanlegt hald sökum þess hversu hart og slitið það var. Stefnda B ehf. hafi verið skylt að tryggja öryggi stefnanda í starfi, sbr. m.a. 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en í nefndri grein sé mælt fyrir um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Verkstjóri beri síðan sérstakar skyldur samkvæmt 20. til 23. gr. laganna. Stefnda B ehf. hafi því borið að sjá til þess að á vinnustaðnum væri forsvaranlegur stigi en ekki gamall og hættulegur sem að auki var ekki ætlaður í atvinnurekstur. Stiginn hafi ekki þolað álag sem á honum var í áraraddir og þá hafi hann ekki verið geymdur á forsvaranlegan hátt. Að mati Vinnueftirlits ríkisins hafi lélegt ástand stigans orsakað slysið.

Stefnandi heldur því fram að þegar ákveðið var að gera endurbætur á verksmiðjunni hafi forsvarsmönnum stefnda B ehf. mátt vera ljóst að nota þyrfti stiga við verkið. Það hafi því verið lágmarkskrafa að verkstjóri gengi úr skugga um að í verksmiðjunni væri tiltækur góður stigi. Þessi skylda stefnda B ehf. gagnvart stefnanda hafi verið áfram til staðar þótt fenginn hafi verið utanaðkomandi aðili til að aðstoða við verkið. Það hefði verið bæði ódýrt og auðvelt að kaupa nýjan stiga en um þýðingu þessa vísar stefnandi til dóma Hæstaréttar í málum nr. 748/2012, 536/2012 og 777/2013. Þar fyrir utan hafi hætta á alvarlegum slysum vegna ástands stigans mátt vera forsvarsmönnum stefnda B ehf. ljós. Að mati stefnanda hefur stefndi B ehf. brugðist þeirri lögbundnu skyldu sinni gagnvart stefnanda að tryggja honum forsvaranlegt vinnuumhverfi og því sé stefndi B ehf. skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af því leiddi.

Stefnandi byggir einnig á því að verkstjórn hafi verið ábótavant. Sambærilegt verk hafi verið unnið margoft áður og forsvarsmenn stefnda B ehf. því vitað eða mátt vita hvernig aðstæður voru við vinnuna. Nauðsynlegt og auðvelt hafi verið að skipuleggja vinnuna fyrirfram og gera ráðstafanir til þess að verkið væri hættuminna fyrir stefnanda. Verkið hafi ekki verið tímabundið eða óvænt ófyrirséð tilfallandi verk í skilningi greinar 4.1.2 í II. viðauka við reglugerð nr. 367/2006 heldur skipulagðar endurbætur á verksmiðjunni. Stefnda B ehf. hafi borið skylda til að gera áhættumat, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 920/2006, og bregðast við með nauðsynlegum úrbótum á grundvelli matsins, sbr. 28. gr. sömu reglugerðar. Vegna endurbótanna hafi stjórnendur verksmiðjunnar átt að gera verkáætlun og áhættumat vegna þeirra verka sem vinna þurfti. Að láta hjá líða að gera verkáætlun og áhættumat sé ámælisvert og saknæmt enda hafi skortur á þessu leitt til tjóns stefnda en í þessu sambandi vísar stefnandi til skýrslu Vinnueftirlits ríkisins. Stefndi heldur því fram að verkstjóri eigi að beita sér fyrir því að starfsskilyrði á vinnustað séu fullnægjandi, öryggi starfsmanna þar með talið, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 46/1980. Af skýrslu sem lögregla tók af verkstjóra stefnda B ehf., sem hann ber húsbóndaábyrgð á, megi ráða að hann gerði sér ekki

grein fyrir því hvað fólst í verki því sem hann lét stefnanda vinna og þá gerði hann sér heldur ekki grein fyrir því hvort stefnandi átti möguleika á því að vinna verkið með öðrum og öruggari hætti.

Stefnandi byggir einnig á því að fyrirvarsmönnum stefnda B ehf. hafi mátt vera ljóst að við óbreyttar aðstæður í verksmiðjunni þyrfti að vinna verkið úr stiga. Í grein 4.1.2 í viðauka II í reglugerð nr. 367/2006 komi fram að vinnuveitendum beri að forðast að launþegar þeirra þurfi að vinna úr lausum stiga. Því hafi átt að breyta aðstæðum þannig að komist yrði hjá því að vinna verkið úr stiga, í öllu falli hafi átt að bæta aðstöðuna við stigavinnuna, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 46/1980. Þetta hafi stefndi B ehf. ekki gert og á því beri hann ábyrgð. stefnandi bendir á að með uppsetningu vinnupalla hefði mátt komast hjá því að nota stiga og vísar hann í þessu sambandi til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 375/2010. Í þeim dómi komi fram að einfaldur vinnupallur hefði aukið öryggi starfsmanns til muna. Hæstiréttur vísi til 13. gr. laga nr. 46/1980 sem mæli fyrir um að vinnuveitandi skuli tryggja að fyllsta öryggis sé gætt á vinnustað, sbr. m.a. 1. mgr. 37. gr. laganna. Síðan komi fram í dóminum að vinnuveitandinn hafi ekki sinnt þessari skyldu með því að sjá starfsmanni sínum fyrir þeim einfalda búnaði (vinnupalli) sem þyrfti til að tryggja öryggi hans við verkið og því beri vinnuveitandinn ábyrgð á því tjóni sem hann varð fyrir. Stefnandi vísar einnig til þess að vinna hafi mátt þetta verk á öruggan, einfaldan og ódýran hátt með því að rjúfa gat á vegginn, sem gerður er úr einfaldri spónaplötu, og þannig komast að rafmagnsköplunum hinum megin frá og standa á palli við vinnuna. Þar sem þetta var hægt en ekki gert hafi stefndi B ehf. brotið gegn grein 4.2.1 í viðauka við reglugerð nr. 367/2006. Loks hefði auðveldlega mátt auka öryggi stefnanda með þeim einfalda hætti að stefndi B ehf. hefði sett mann í að halda við stigann eða koma fyrir járnnettum sem hannaðar eru til þess að halda við stiga, sbr. grein 4.2.2 í viðauka II við reglugerð nr. 367/2006. Í þessu efni vísar stefnandi til dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 748/2012 og 626/2013.

Stefnandi hafnar því að efni séu til að skerða rétt hans til bóta vegna eigin sakar en slíkt sé óheimilt nema hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sbr. 23. gr. a í skaðabótalögum nr. 50/1993. Stefnandi byggir á því að verkið hafi orðið að vinna úr stiga enda hafi lyftari með mannkörfu ekki komist nægilega nálægt veggnum líkt og hann hafi sýnt fram á. Það að stefndi B ehf. haldi öðru fram sýni í raun hversu illa verkið var undirbúið af hans hálfu. Stefnandi hafi hafnað því að nota stiga í eigu C ehf. vegna þess að hann var of breiður og daginn eftir slysið hafi komið í ljós að stefnandi hafði rétt fyrir sér hvað þann stiga varðar. Verkið hafi síðan verið unnið með lyftara en ekki úr mannkörfunni sem hafi verið hættuleg og gáleysisleg aðferð. Hér vísar stefnandi til dóms Hæstaréttar í máli nr. 549/2011. Enn fremur hafi verið sýnt fram á að stiginn rann undan stefnanda vegna þess að slitfletir og gúmmí voru orðin léleg en ekki vegna þess að stefnandi hafi verið að toga í rafmagnskaplana. Auk þess heldur stefnandi því fram að hann hafi sýnt fram á að ætluð vinnustaða hans í stiganum hafi ekki verið gálaus af hans hálfu en það skipti í raun ekki máli því að hann hafi ekki verið kominn í ætlaða vinnustöðu þegar slysið varð. Honum hafi verið falið að vinna verk sem eingöngu varð unnið úr stiga og notað eina stigann sem atvinnurekandi hans hafði til taks. Hann hafi því hegðað sér á réttan máta og verði ekki gerður meðábyrgur fyrir því tjóni sem af slysinu hlaut.

Stefnandi gerir í stefnu grein fyrir útreikningi kröfu sinnar. Krefst hann þjáningabóta að fjárhæð 942.160 krónur, miskabóta að fjárhæð 6.104.800 krónur og bóta vegna varanlegrar örorku að fjárhæð 12.907.256 krónur. Samtals 19.954.216 krónur. Þar sem ekki er tölulegur ágreiningur í málinu um annað en vexti er óþarft að rekja með hvaða hætti þessar fjárhæðir eru reiknaðar.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því að stefndi B ehf. eigi ekki sök á slysi stefnanda. Stefnandi verði að sanna að öll skilyrði bótagrundvallar sem hann byggir á séu uppfyllt. Stefnandi verði því að sanna að stefndi B ehf. hafi valdið tjóni hans með saknæmum og ólögætum hætti. Takist slík sönnun, sem þá þarf að vera í beinu orsakasambandi við tjón hans, þá verður hann að sanna að tjónið sé sennileg afleiðing af háttseminni.

Stefndu segja það óumdeilt að stefnandi hafi orðið fyrir slysi og að ekki sé tölulegur ágreiningur í málinu um annað en vexti en vextir eldri en fjögurra ára við þingfestingu séu fyrndir. Í máli þessu sé ekki efni til að heimila að sönnunarbyrði verði snúið við né að slakað verið á sönnunarkröfum. Stefnandi B ehf. hafi strax og slysið varð tilkynnt það til lögreglu og Vinnueftirlits ríkisins. Vátryggingafélagi Íslands ehf. sé stefnt á grundvelli ábyrgðatryggingar stefnda B ehf. en ekki komi til greiðslu úr þeirri tryggingu nema stefnanda takist að sanna sakarábyrgð B ehf.

Stefndu halda því fram að slyss stefnanda hafi orðið vegna þess að við verkið var notaður stigi sem ekki var til þess fallinn. Verkið hafi verið unnið í mikilli hæð án þess að stiginn væri fastur í annan hvorn endann eins og fram komi í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins. Þar fyrir utan hafi ekki verið notaður öryggisbúnaður sem til staðar var en á þessu beri stefndi B ehf. enga sök.

Af hálfu stefndu er á því byggt að stefndi B ehf. hafi ekki séð um verkið og ekki ákveðið hvernig því skyldi háttað en það hafi C ehf. gert á grundvelli þjónustusamnings. Stefndi B ehf. hafi hins vegar útvegað lyftara og körfu sem nota átti við verkið en stefnandi hafi sjálfur ásamt starfsmanni C ehf. ákveðið að nota ekki þessi tæki. Stefndu vísa til þess að þó svo að gert hefði verið skriflegt mat á áhættu og heilbrigði hjá honum hefði það ekki tekið til þessa verks. Mat á áhættu við að fjarlægja rafmagnskaplana hefði frekar verið til hjá C ehf. enda er vinna sem þessi hluti af daglegri starfsemi þess félags en frávik frá hefðbundinni starfsemi stefnda B ehf. Stefndu telja að hvorki ákvæði laga um aðbúnað og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 né ákvæði reglugerðar nr. 920/2006 leiði til þess að atvinnurekendum beri að framkvæma sérstakt áhættumat í hvert skipti sem vinna þarf verk í tengslum við atvinnurekstur sem fellur utan almennrar starfsemi og ekki í þeim tilfellum sem fagmönnum er falið að vinna verkið.

Á því er byggt af hálfu stefndu að stefndi B ehf. hafi útvegað lyftara og körfu og það sé ósannað að ekki hafi verið hægt að vinna verkið með þessum tækjum enda liggja fyrir að þau hafi verið notuð daginn eftir slysið. Tilfæringar sem gera þurfti til að nota tækin hafi verið mun öruggari en að vinna verkið úr gömlum og illa förnunum stiga. Það hafi verið auðveldara að tryggja sig með öryggislinu þegar unnið er úr körfu jafnvel þótt þurft hafi að notast við framlengingu sem náði út fyrir öryggishlið körfunnar. Þá sé ósannað að stigi sá sem stefnandi kaus að nota hafi verið eini stiginn sem unnt var að nota í þetta sinn. Fyrir liggja að það voru um 70 cm milli trektarinnar og veggjar í hráefnismóttökunni og því ólíklegt að ekki hafi verið hægt að nota stigann sem starfsmaður C ehf. bauðst til að útvega. Stefnanda hafi því verið boðið að nota betri stiga og þá hafi hann verið varaður við því að nota stigann sem hann kaus að nota þar sem sá stigi væri hættulegur. Boð um betri stiga hafi stefnandi hunsað og hann valið að nota hættulegan stiga.

Stefndu halda því fram að engin orsakatengsl séu á milli skorts á merkingum á stiganum og þess að slysið varð. Vottaðir stigar geti eins og aðrir stigar orðið gamlir og illa nothæfir. Umræddur stigi hafi verið orðinn of gamall til að unnt væri að nota hann við vinnu í þeirri hæð sem stefnandi notaði hann. Auk þess hafi verið fóður á gólfinu og stefnandi mátt í krafti reynslu sinnar og þekkingar vita að slitinn gúmmífótur stigans myndi ekki duga við þessar aðstæður.

Stefndu benda á að stefnandi haldi því fram að ekki hafi verið unnt að vinna verkið með öðrum hætti en að nota til þess stiga. Þrátt fyrir það bendi hann sjálfur á í bréfaskriftum við hið stefnda tryggingafélag að unnt hefði verið að tryggja hann og/eða efri hluta stigans með ól. Þá komi fram í stefnu að unnt hefði verið að vinna verkið með litlum tilfæringum hinum megin við vegginn og loks að hægt hefði verið að láta halda við stigann. Auk þess megi sjá af myndum að talía er fyrir ofan trektina í hráefnismóttökunni en hana hefði mátt nota til að tryggja þann mann sem í stiganum vann. Allir þessir kostir hafi staðið stefnanda til boða en hann, sem var öllum hnútum kunnugur í verksmiðjunni og réð sjálfur framkvæmd verksins, kaus að fara óstuddur upp í lélegan stiga.

Stefndu halda því fram að stefnanda hafi samkvæmt 2. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980 borið að láta yfirmenn sína vita ef hann taldi sig ekki geta unnið verkið með þeim tækjum sem vinnuveitandi hans útvegaði. Þá hafi honum borið að gæta þess að nota ekki stiga sem augljóslega hentaði ekki í verkið. Í öllu falli hafi honum borið að hafna ekki boði um betri stiga enda ekki legið svo á verkinu. Stefndu byggja á því að orsakir slyss stefnanda séu ekki þau tæki sem stefndi B ehf. útvegaði til verksins né skortur á verkstjórn og áhættumati. Orsakirnar liggja í þeirri háttsemi stefnanda sjálfs að nota, þrátt fyrir aðvaranir, stiga sem ekki hentaði í verkið. Það sé ekki saknæm háttsemi hjá fyrirtæki í atvinnurekstri að henda ekki strax öllum gömlum verkfærum og tækjum. Reyndir starfsmenn líkt og stefnandi eigi ekki að nota slík tæki þegar þau henta ekki. Þá beri starfsmönnum að tilkynna atvinnurekanda sínum um það ef ekki eru fullnægjandi tæki til staðar.

Stefndu reisa kröfur sínar einnig á eigin sök stefnanda og halda því fram að stórkostlegt gáleysi hans sé aðalorsök slyssins og um leið að meint sök stefnda B ehf. sé hverfandi. Þetta leiði til þess að stefnandi

verði að bera tjón sitt sjálfur. Varakrafa stefndu um lækun á dómkröfu stefnanda er reist á sömu sjónarmiðum.

Stefndu byggja á því að stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að nota umræddan stiga, með því að hunsa viðvaranir, með því að hafna boði um betri stiga, með því að láta atvinnurekanda sinn ekki vita ef hann taldi þau tæki sem honum voru fengin til verksins ófullnægjandi og með því að nota ekki hjálm og önnur öryggistæki sem í boði voru. Stefnandi hafi í ljósi fagmenntunar og starfsreynslu sinnar átt að gera sér grein fyrir þeirri hættu sem var til staðar. Stefnu telja einsýnt að stórkostlegt gáleysi stefnanda hafi verið aðalorsök slyssins. Stefnandi, sem er faglærður rafiðnaðarmaður, hafi unnið í verksmiðjunni í meira en 20 ár. Verkið sem hann var að vinna hafi ekki verið flókið og til staðar öll öryggistæki sem nauðsynleg voru til að vinna verkið á öruggan hátt. Með því að nota þau ekki hafi stefnandi gerst brotlegur við öryggisreglur vinnuveitanda síns og hagað sér með öðrum og mun óvarfærnari hætti en venjan var á vinnustaðnum. Sérstaklega vítavert hafi verið að tryggja ekki stigann ef á annað borð var nauðsynlegt að nota hann. Þá hafi verið vítavert af stefnanda að nota ekki ól eða spotta til að tryggja sig í stiganum og óskiljanlegt hvers vegna stefnandi notaði ekki hjálm sem vinnuveitandi hans hafði útvegað honum.

Að mati stefndu var hætta á miklu tjóni augljós. Stiginn hafi verið lélegur, undirlagið ótraust og hæðin mikil. Sökum hæðarinnar sem vinna þurfti verkið úr, þess að trekt var á gólfinu undir stiganum og að stefnandi notaði ekki hjálm gat honum ekki dulist að hætta var á að mikið tjón yrði. Stefnanda hafi verið í lófa lagið að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir þessa miklu hættu. Þannig hafi betri stigi verið í boði og nauðsynleg öryggistæki til staðar. Auk þess hafi yfirmenn og aðrir starfsmenn stefnda B ehf. verið boðnir og búnir til að aðstoða við tilfæringar á körfunni á lyftaranum eða í hið minnsta að halda við stigann sem stefnandi kaus að nota.

Stefndu halda því fram, þegar framangreint er virt, að athafnir stefnanda hafi vikið svo mjög frá hegðan sem ætlast megi til af góðum og gegnum einstaklingi með sömu reynslu og vitneskju og stefnandi að ekki sé annað hægt en að meta háttsemi hans sem stórfellt gáleysi.

Stefndu vísa einnig til þess að reglur um brottfall bótaréttar taki ekki eingöngu til þess þegar slysi er valdið með stórfelldu gáleysi heldur einnig til þess ef umfang tjóns er afleiðing slíkrar háttsemi. Af matsgerðum megi ráða að allt að helmingur tjóns stefnanda sé til kominn vegna höfuðáverka. Stefnandi verði í öllu falli að bera hallann af því tjóni þar sem hann notaði ekki hjálm sem stefndi B ehf. útvegaði honum. Þá telja stefndu að háttsemi stefnanda beri þess merki að hann hafi sýnt af sér aukið skeytingarleysi um eigið öryggi í umrætt sinn en huglæg afstaða hans, eins og hún birtist í hegðun hans, sé merki um stórfellt gáleysi. Í þessu sambandi vísa stefndu sérstaklega til þess að stefnanda var boðinn betri stigi og þess að hann notaði ekki hjálm.

IV

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um það hvort stefndi B ehf. beri ábyrgð á því tjóni sem stefnandi varð fyrir í verksmiðjuhúsnæði stefnda B ehf. 8. nóvember 2011. Ekki er tölulegur ágreiningur milli aðila um annað en vexti. Þá eru aðilar sammála um að stiginn sem stefnandi notaði í umrætt sinn hafi verið lélegur en gúmmí á enda hans var mikið slitið. Engin vitni voru að slysinu sjálfu en af hálfu beggja aðila er lagt til grundvallar að stiginn hafi runnið undan stefnanda.

Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að tjón það sem hann varð fyrir megi rekja til atvika sem stefndi B ehf. beri ábyrgð á með þeim hætti að bótaskyldu varði. Við úrlausn máls þessa verður samkvæmt því sem að framan er rakið lagt til grundvallar að tjón stefnanda hafi orsakast af því að lélegur stigi rann undan honum þegar stefnandi hugðist merkja kapla sem voru í fimm metra hæð frá gólfi. Skiptir hér ekki máli hversu hátt í stigann stefnandi var kominn þegar stiginn rann undan honum.

Ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að stefnandi hafi við vinnu sína þennan dag unnið sem starfsmaður B ehf. þó svo að hann hafi í þetta sinn verið að aðstoða starfsmann C ehf. sem hafði tekið að sér að fjarlægja kapla þá sem stefnandi hugðist merkja þegar slysið varð. Þá verður lagt til grundvallar að stefndi B ehf. hafi lagt til tæki til að vinna verkið og að hann beri ábyrgð á þeim tækjum.

Verk það sem stefnandi var að vinna í umrætt sinn er ekki hluti af daglegum störfum í verksmiðju stefnda B ehf. heldur tilfallandi verk. Var stefnda B ehf. því ekki skylt að gera sérstakt áhættumat vegna þessa verks.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að ekki hafi verið unnt að vinna verkið nema úr stiga. Á þetta verður ekki fallist enda liggur fyrir að verkið sem stefnandi ætlaði að vinna var daginn eftir unnið með þeim hætti að notaður var lyftari og mannkarfa. Vera kann, líkt og fram kom hjá vitninu D fyrir dómi, að þá hafi fyllsta öryggis ekki verið gætt. Hins vegar er ljóst að með þessari aðferð hefði auðveldlega mátt tryggja þá sem að verkinu unnu fyrir falli, t.d. með því að nota öryggislínur.

Af gögnum málsins má ráða að stefnandi og vitnið D, starfsmaður C ehf., höfðu þennan dag unnið að verkinu og notað til þess lyftara með mannkörfu sem stefndi B ehf. lagði til og uppfyllti sá búnaður allar öryggiskröfur sem gera má við verk sem þetta. Vitnið D bar fyrir dóminum að langt hafi verið liðið á vinnudaginn þegar þeir hugðust merkja kaplana innst í hráfnismóttökunni og þá komist að því að þeir komust ekki nægilega nálægt köplunum með því að nota lyftarann og körfuna. Vitnið mundi ekki hvor þeirra lagði til að notast yrði við stiga í staðinn. Stefnandi hafi sjálfur náð í stigann sem hann síðan notaði en vitnið kvaðst hafa boðist til að ná í annan stiga þar sem honum þótti stiginn sem stefnandi náði í of mjór. Í skýrslu sem lögregla tók af vitninu D skömmu eftir slysið er haft eftir honum að hann hafi varað stefnanda við að nota stigann sem hann sótti. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til þess að stefnandi hafi, þegar honum og vitninu D varð ljóst að ekki var unnt að vinna verkið úr mannkörfunni, leitað til verkstjóra síns eða annarra yfirmanna stefnda B ehf. og vakið athygli þeirra á því að nota þyrfti önnur og öruggari tæki við verkið, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 46/1980.

Áður er þess getið að stefndi B ehf. útvegaði lyftara og mannkörfu en þegar í ljós kom að ekki var unnt að nota þessi tæki ákvað stefnandi að sækja stiga í eigu stefnda B ehf. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að af hálfu stefnda B ehf. hafi á nokkurn hátt verið hlutast til um að stefnandi notaði þennan tiltekna stiga og því verður sök ekki felld á stefnda B á þeim grunni að hann hafi lagt til verksins gamlan og lélegan stiga. Stefnanda mátti í ljósi starfsreynslu sinnar, fagmenntunar og aðstæðna í móttökunni vera ljóst að stiginn sem hann sótti hentaði, vegna ástands hans, lengdar og vegna þess að hann var laus, engan veginn í þetta verk. Þá verður ekki á það fallist með stefnanda að verkstjórn hafi verið ábótavant enda eðlileg notkun á stiga ekki flókið verk. Með hliðsjón af þessu verður ekki séð að slysið hafi orðið vegna atvika sem stefndi B ehf. ber ábyrgð á heldur virðist um óhappatilvik að ræða, sem rakið verður til aðgæsluleysis stefnanda sjálfs. Að þessu virtu verða stefndu sýknaðir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Stefnandi nýtur gjafsóknar og ber að greiða allan gjafsóknarkostnað hans úr ríkissjóði, þar með talda þóknun Þorsteins Hjaltasonar lögmanns sem þykir, að teknu tilliti til tímaskýrslu lögmannsins, hæfilega ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

Af hálfu stefndu flutti mál þetta Ólafur Arnbjörn Sigurðsson lögmaður.

Halldór Halldórsson héraðsdómari, sem tók við rekstri máls þessa 12. janúar sl., kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, B ehf. og Vátryggingafélag Íslands, eru sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málkostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin 3.720.000 króna þóknun Þorsteins Hjaltasonar lögmanns, greiðist úr ríkissjóði.